



## LANGANESBYGGÐ

### 12. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 24. nóvember 2015 klukkan 15:30.

**Mætt voru:** Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Svala Sævarsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Magdalena Zawodna, Kristjana Þuríður Þorlákssdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

#### Dagskrá fundar:

**1. Skólanámsskrár Grunnskólanna lagðar fram til kynningar.**

Formaður Fræðslunefndar leggur fram skólanámsskrá Grunnskólans á Bakkafirði 2015-2016 í fjarveru skólastjóra.

Skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn leggur fram skólanámsskrá Grunnskólans á Þórshöfn 2015-2016.

**2. Lykiltölur úr skólastarfinu.**

Lagðar voru fram lykiltölur frá Grunnskólanum á Þórshöfn fyrir veturinn 2015-2016.

Lagðar voru fram lykiltölur fyrir Grunnskólann á Bakkafirði fyrir veturinn 2015-2016.

Skólastjóri Barnabóls, leikskólans á Þórshöfn, lagði fram lykiltölur frá vetrinum 2014-2015 og hyggst senda nefndinni tölur fyrir veturinn 2015-2016.

**3. Staðfesting starfsáætlana.**

Formaður bar upp tillögu að nefndin fari betur yfir starfáætlanir og taki til staðfestingar á næsta fundi.  
Samþykkt samhljóða.

**4. Skýrslur allra skólastjóra um skólastarfið**

*Liður 1. Grunnskólinn á Bakkafirði.*

Haldið verður upp á að 30 ár eru frá því að húsnæði Grunnskólans á Bakkafirði var tekið í notkun. Afmælið verður föstudaginn 27 nóvember kl. 17:00 og allir eru velkomnir.

*Liður 2. Barnaból.*

Starfið hefur gengið vel frá síðasta fundi og lítið um forföll starfsfólks.

Liður 2a. Slökkvilið Langanesbyggðar.

Slökkviliðsstjóri hefur komið með kynningarefni fyrir elstu börnin og til stendur að heimsækja slökkviliðsstöðina fljótlega.

Liður 2b. Grænfáninn.

Barnaból flaggaði Grænfánanum í annað sinn í lok október og fékk mjög góða umsögn frá Landverndarfólki. Væntir þess að fá skilti á skólann þar sem fáninn þolir illa veðurálag.

Liður 2c. Foreldrasamtöl.



## LANGANESBYGGÐ

Foreldrasamtöl gengu mjög vel.

### Liður 2d. Bókasafn

Bókasafnsheimsóknir hjá báðum deildum.

### Liður 2e. Starfskynning.

Nemi úr framhaldsskóladeild Framhaldsskólans á Laugum hefur verið í starfskynningu á leikskólanum.

### Liður 2f. Hljóðskimun.

Búið að leggja fyrir Hljóm hjá elsta hópnum og kom mjög vel út.

### Liður 2g. Uppbrot á daglegu starfi.

Ýmis uppbrot hafa verið í starfinu í vetur svo sem bleikur dagur og bangsadagur.

### Liður 2h. Gjöf.

Barnabóli barst gjöf þann 24. Nóvember 2015 þar sem Elfa Benediksdóttir færði leikskólanum fullan kassa af barnabókum.

Barnaból þakkar vel fyrir það.

### *Liður 3. Grunnskólinn á Þórshöfn.*

#### Liður 3a. Skóli á grænni grein.

Grunnskólinn á Þórshöfn hefur hafið þátttöku í „skóli á grænni grein“ og fékk heimsókn frá Landvernd. Búið að skipa kennara til að stýra verkefninu og hann er Hilma Steinarsdóttir.

#### Liður 3b. Skólaþjónusta Húsavíkur.

Skólaþjónustan hefur komið í heimsókn en undanfarið hefur þjónustan frá þeim verið skert nokkuð með fækkun stöðugilda á Húsavík.

Verið er að endurskoða samninga þess varðandi á milli sveitarfélaganna.

#### Liður 3c. Nemendafélag Grunnskólans á Þórshöfn.

Nemendafélagið er komið vel af stað, hélt til dæmis utan um Hrekkjavökugleði Grunnskólans.

#### Liður 3d. Framhaldsskólakynning fyrir 10. bekk.

10.bekkur Grunnskólans fór í heimsókn í Verkmenntaskólann og Menntaskólann á Akureyri og gisti í Framhaldsskólanum á Laugum.

Nemendur og kennari frá Framhaldsskólanum á Húsavík komu og kynntu skólastarfið sitt fyrir 10. bekk Grunnskólans.

#### Liður 3e. Fæðingarorlof kennara.

Íþróttakennari Grunnskólans hefur hafið töku fæðingarorlofs Í fjarveru hans hefur verið ráðin Katrín Anna Kjartansdóttir.

#### Liður 3f. Frítaka starfsfólks.

Töluvert mikið verið, það sem af er kennsluvetri, um frítöku hjá starfsfólki.

Slíkt hefur verið leyst farsælega.

#### Liður 3g. Kannanir og próf.

Læsispróf hefur verið lagt fyrir hjá fyrsta og öðrum bekk. Niðurstöðurnar komu vel út á heildina litið.

Niðurstöður úr samræmdum prófum eru komnar og sýna jákvæða þróun.

Skólalámsinn-nemendakönnun sýnir fram á aukna jákvæðni í viðhorfi nemenda til náms og betri líðan í skólanum.

## 5. Önnur mál

*Liður 1. Aktursáætlun Grunnskólans á Bakkafirði.*



## LANGANESBYGGÐ

Akstursáætlun Grunnskólans á Bakkafirði lögð fram til samþykktar. Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki framlagða akstursáætlun. Samþykkt samhljóða.

*Liður 2. Næsti fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar.*

Formaður leggur til að næsti fundur nefndarinnar verði 8. desember.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 16.30